

Skýrsla Stjórnar Félags Leikstjóra á Íslandi 2014-2015

Innra starf FLÍ

Stjórn

Í stjórn FLÍ á starfsárinu sátu Jón Páll Eyjólfsson, formaður, Gunnar Gunnsteinsson, gjaldkeri og Kolbrún Halldórsdóttir, ritari. Varamenn í stjórn voru Rúnar Guðbrandsson, Agnar Jón Egilsson og Una Þorleifsdóttir. Jón Páll Eyjólfsson lét af störfum sem formaður félagsins í desember 2014 og tók Agnar Jón, sem átt hafði sæti í varastjórn, við formennsku. Stjórn hélt alls 10 fundi á árinu í tengslum við daglega umsýslu félagsins og ritstjórn vefsíðu. Þá voru haldnir tveir félagsfundir, annar til að fjalla um og samþykkja samninga FLÍ við Útvarpsleikhúsið og hinn til að samþykkja framlengingu samnings félagsins við Þjóðleikhúsið.

Árið í heild

FLÍ tók þátt í að leysa úr málum sem upp komu í tengslum við skipan úthlutunarnefndar í Launasjóði sviðslistafólks og skipan fulltrúa í Leiklistarráð, en samkomulag náðist um að skipa sama þriggja manna teymið til að gegna starfi beggja. Þannig var sama fólkinu falin ábyrgð á úthlutun úr launasjóðnum og verkefnasjóði Leiklistarráðs. Sú niðurstaða var ekki óumdeild, en eftir að niðurstaða lá fyrir og úthlutun ársins var kunngjörð hefur umræðan þróast á þá lund að skynsamlegt sé að stíga þetta skref til fulls og sameina launasjóð sviðslistafólks og verkefnasjóðinn sem Leiklistarráð hefur haft til umfjöllunar. Slíkar hugmyndir eru þó enn á umræðustigi.

FLÍ tók á árinu þátt í nokkrum verkefnum í samstarfi við Listaháskóla Íslands. Þannig átti FLÍ þátt í að koma á mentorþrógrammi LHÍ og málstofum um rannsóknir í sviðslistum, auk þess sem formaður mætti á opinn dag sviðslistanemenda LHÍ og gerði grein fyrir starfi og mikilvægi félagsins. FLÍ tók þátt í vinnunni við að endurskoða lög Leiklistarsambands Íslands og undirbúa breytingar á uppbyggingu sambandsins.

Vinna við nýja heimasíðu tók talsverðan tíma á árinu þar sem nokkrar tafir urðu á framkvæmd og flækjustig við yfirfærslu gagna gerði okkur erfitt fyrir. Nú er síðan komin á vefinn, en verkinu er þó ekki að fullu lokið.

Um kjaramál og samninga verður fjallað í sjálfstæðum kafla.

Meðal mála sem stjórn afgreiddi á árinu voru:

- Tillögur um fulltrúa FLÍ í nefndir, ráð og stjórnir utan félagsins
- Aðlögun starfsemi félagsins að kröfum BHM
- Umsóknir nýrra félaga
- Tillögur að lagabreytingum
- Nýir samningar við RÚV fyrir leikstjórn í hljóðvarpi
- Framlenging á samningi við Þjóðleikhúsið með leiðréttingu fram til febrúar 2015
- Samningur við RÚV vegna útvarpsleikhúss
- Ný vefsíða tekin í gagnid
- FLÍ gerist meðlimur í norrænu menningarstofnuninni í Róm Circolo Scandinavo
- Endurnýjun skrifstofunnar Lindargötu 6
- Vinna við bættu ávöxtun sjóða félagsins
- Starfsáætlun næsta starfsárs undirbúin

Nýir félagar á árinu

Vignir Rafn Valþórsson
Karl Ágúst Þorbergsson
Jóhanna Vala Höskuldsdóttir
Tryggvi Gunnarsson

Kjaramál

Baráttan fyrir betri kjörum leikstjóra hefur verið stærsta verkefni stjórnar á starfsárinu 2014-15.

Eftir sumarfrí kom stjórn saman í ágúst og hóf umræðu um kjaramál leikstjóra hjá áhugaleikfélögum og hugmyndir FLÍ um launatöflu fyrir slík störf. Kallar það á að félagið upplýsi leikfélög framhaldsskólanna og stjórnir áhugaleikfélaganna um launatöflur og kjör félagsmanna. Stjórnarmenn eru sammála um að gera það að reglu á hverju hausti að senda stjórnnum félaganna slíkar upplýsingar.

Samninganefnd félagsins undirritaði samninga við RÚV hjá sáttasemjara 26. sept. 2014 og samþykkti félagsfundur þá 9. október 2014 og hafa þeir legið á vef félagsins síðan. Grundvöllur starfsins er betur skilgreindur en var í gömlu samningunum auk þess sem samningurinn hefur verið aðlagðir að þeirri framkvæmd sem þróast hefur á seinni árum. Ljóst er að um umtalsverða launahækkun er að ræða frá því sem verið hefur og er það fagnaðarefni. Ekki

tókst að ljúka gerð samkomulags um verk sem RÚV á í safni sínu, þar sem RÚV hefur ekki lokið skráningu verkanna í gagnagrunn. Starfi við þennan þátt samninganna verður haldið áfram og leitast við að tryggja að RÚV flytji einungis verk sem heimild er fyrir og að sanngjarnar greiðslur komi fyrir afnot höfundarverks leikstjóra.

Samninganefnd félagsins skrifaði undir tímabundna framlengingu á kjarasamningi félagsins við Þjóðleikhúsið, sem samþykkt var á félagsfundi 9. desember 2014. Samkvæmt henni hækka laun um 3,3% afturvirkkt frá 1. nóv. 2014 og desemberuppbót verður 73.600 kr. Samningurinn gildir til 1. febrúar 2015 en fyrir þann tíma var áformað að samninganefndirnar hittist til að ræða þau atriði sem talin er þörf á að breyta. Það gekk að vísu ekki eftir, heldur tók FLÍ þátt í verkfallsundirbúningi í samfloti með öðrum félögum innan BHM.

Samningarnir við Þjóðleikhús og Borgarleikhús eru tiltölulega nýgerðir, en þar sem þeir vour gerðir til takmarkaðs tíma þá eru þeir í raun lausir og við blasir það verkefni stjórnar og samninganefndar að hefja viðræður við þessa samningsaðila félagsins, fara yfir reynsluna af samningunum og skoða hverju þurfi að breyta. Við þá vinnu verður höfð hliðsjón af niðurstöðu yfirstandandi kjaradeilna félaga innan BHM.

Þó svo árangur hafi náðst með samningum síðustu ára er baráttunni ekki lokið. Ennþá er ólokið samningum við RÚV – sjónvarp, Íslensku Óperuna og LHÍ.

Félagið hefur einnig unnið drög að launataxta leikstjóra vegna sérverkefna og drög að samningi verkefnaráðinna leikstjóra hjá áhugaleikfélögum. Þessi drög eru hugsuð sem einhliða viðmiðanir þeirra leikstjóra sem taka að sér þessi störf. Þar eru launakröfur uppfærðar, auk þess sem réttindi, vinnuframlag og skyldur eru skilgreindar. Nauðsynlegt er að félagar FLÍ kynni sér þessi gögn áður en gengið er til samninga um verkefni.

Ljóst er að það er enn þá langhlaup framundan í samningamálum FLÍ. Þær kröfur sem settar hafa verið fram af hálfu FLÍ eru afrakstur ítarlegrar greiningar á starfi leikstjórans og miða við að réttindi leikstjóra verði sambærileg við aðrar háskólamenntaðar stéttir sem starfa hjá hinu opinbera. Einnig að launakerfið viðurkenni fagþekkingu og ábyrgð leikstjóra og hvetji til þess að leikstjórar sækji sér aukna menntun, sem síðan skilar sér með aukinni þekkingu og fagmennsku til viðkomandi sviðslistastofnunar. Það er núna nærri ljóst að leiðrétting launa, aukin réttindi

og launakerfi sem hvetur til aukinnar fagþekkingar og endurmenntunar mun ekki nást nema með því að leikstjórar allir sameinist til stuðnings FLÍ í þessari baráttu.

Samninganefnd FLÍ skipa nú:

Páll Baldvin Baldvinsson formaður,
Kolbrún Halldórsdóttir
Agnar Jón Egilsson

Menningarsjóður

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að þróun íslenskrar leiklistar með því að veita leikstjórum styrki til a) framhaldsnáms, b) rannsóknarstarfa, c) ferðalaga erlendis til að kynna sér það sem efla mætti listþroska þeirra.

Menningarsjóður FLÍ síðari úthlutun 2014

Stjórn menningarsjóðs FLÍ, er skipuð Gunnari Gunnsteinssyni, Agnari Jóni Egilssyni og Kristínu Ögmundsdóttur. Alls barst 1 umsókn til sjóðsins þegar auglýst var haustið 2014 en til úthlutunar voru 200 þúsund krónur. Sjóðurinn veitti Vigni Rafni 100 þ. í ferðastyrk

Menningarsjóður FLÍ fyrri úthlutun 2015

Stjórn menningarsjóðs FLÍ, er sem áður skipuð Gunnari Gunnsteinssyni, Agnari Jóni Egilssyni og Kristínu Ögmundsdóttur. Alls bárust 3 umsóknir til sjóðsins en til úthlutunar voru 230 þúsund krónur. Sjóðurinn úthlutaði styrkjum til allra aðila: Steinunn Knútsdóttir – ferðastyrkur 100 þ., Elfar Logi Hanneson – ferðastyrkur 80 þ., Sveinn Einarsson – ferðastyrkur 50 þ.

Undanfarið ár hefur verið léleg ávöxtun á menningarsjóði FLÍ eins og á félagssjóði. Tekjur sjóðsins eru ávöxtun á eign sjóðsins ásamt IHM úthlutun til FLÍ og greiðslum félagsmanna í sjóðinn samkvæmt kjarasamningum. Þar sem meirihluti félagsmanna sem að starfa hjá stofnunum gera verktakasamninga hafa skil á menningarsjóðsgjaldinu ekki skilað sér til FLÍ sem skyldi.

Gjaldkeri FLÍ er sjálfkjörinn í stjórn menningarsjóðs
Aðalfundur kýs einn fulltrúa í stjórn menningarsjóðs sem situr í eitt ár.
Leiklistarsamband Íslands velur einn fulltrúa í stjórn menningarsjóðsins.

Menningarsjóður 2014-2015

Gjaldkeri FLÍ: Gunnar Gunnsteinsson
Fulltrúi Leiklistarsambands Íslands: Kristín Ögmundsdóttir
Fulltrúi FLÍ: Agnar Jón Egilsson

Bandalag íslenskra listamanna

Formaður FLÍ er fulltrúi leikstjóra í stjórn BÍL. Stjórn BÍL fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og sinnir heildarhagsmunum listamanna. Helstu verkefni BÍL varða

- stefnumótun fyrir skapandi atvinnugreinar, þar sem fjallað er um stöðu greinanna innan stjórnkerfis ríkis og sveitarfélaga;
- baráttu fyrir skráningu tölulegra upplýsinga um listir og skapandi greinar undir hatti Hagstofu Íslands með það að markmiði að gera þessar atvinnugreinar sýnilegar í þjóðhagsreikningum;
- eflingu launasjóða listamanna, með áherslu á nýja þriggja ára áætlun um fjölgun mánaðarlauna og hækkun mánaðargreiðslu;
- bættri listmenntun á öllum skólastigum, ekki síst eflingu Listaháskóla Íslands;
- samstarf við heildarsamtök listamanna á Norðurlöndunum um sameiginleg málefni;
- endurbætur lagaumhverfis listgreinanna, ekki síst varðandi löggjöf á vettvangi höfundarréttar;
- fjölgun atvinnutækifæra listamanna og þeirra sem starfa innan skapandi greina, með áherslu á landsbyggðina og menningarsamninga landshlutasamtaka sveitarfélaga.

Fulltrúi FLÍ í stjórn BÍL 2014-15

Jón Páll Eyjólffsson/Agnar Jón Egilsson. Varamaður: Una Þorleifsdóttir

Fulltrúaráð IHM

Aðaltilgangur IHM er að annast innheimtu gjalda af tækjum, diskum, plötum eða öðrum hlutum til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku. Nánar er þetta tilgreint í ofangreindum lagaákvæði sbr. 2. grein laga nr. 60/2000 og reglugerð nr. 125/2001, sbr. reglugerð nr. 168/2001, sbr. reglugerð 227/2001.

Aðilar að IHM eru STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar), SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda), RSÍ (Rithöfundasamband Íslands), Hagbenkir, (Félag höfunda fræðirita og kennslugagna), BÍ (Blaðamannafélag Íslands) SKL (Samtök kvikmyndaleikstjóra) F-SÍK (Framleiðendafélagið - Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda) FÍL (Félag íslenskra leikara) FK (Félag kvikmyndagerðamanna), Myndstef og FLÍ (Félag leikstjóra á Íslandi).

Þær tekjur sem FLÍ fær úthlutað úr sjóði IHM renna í Menningarsjóð FLÍ.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð IHM.

Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

Fulltrúar FLÍ í fulltrúarráði IHM 2014-2015

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson / Agnar Jón Egilsson. varamaður: Gunnar Gunnsteinsson

Fulltrúaráð Listahátíðar

Formaður hefur sett í fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík. Stjórn FLÍ hefur af því áhyggjur hversu ólýðræðislegur og þunglamalegur vettvangur fulltrúaráðið er. Þá telur stjórn FLÍ að skoða þurfi hvort dregið hafi úr mikilvægi Listahátíðar í Reykjavík með þeim ört stækkandi hátíðum sem boðið er upp á í Reykjavík árlega og eru sprotnar úr grasrót listafólks, sbr. Iceland Airwaves, Lókal og Reykjavík Dance-Festival. Í því sambandi hefur skipt verulegu máli sá stuðningur sem nýr borgarhátíðarsjóður Menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar hefur stofnað til. Stjórn FLÍ telur eðlilegt að hefja umræðu um það hvort Listahátíð í Reykjavík hafi lokið sínu hlutverki og hvort betur fari á því að þeir fjármunir sem Reykjavíkurborg og ríkissjóður leggja hátíðinni til árlega verði nýttir til að stækka styrkjaþott Reykjavíkur til starfsemi sjálfstætt starfandi listmanna og forða verkefnasjóðum listgreinanna frá boðuðum niðurskurði á fjárlögum ríkisins.

Á ársfundi fulltrúaráðsins 8. október 2014 lagði formaður FLÍ fram tillögu um starfshóp sem fengi það hlutverk að skoða stöðu Listahátíðar og framtíðarhorfur. Tillagan mælti fyrir um að hópurinn hefði eftifarandi atriði til hliðsjónar við vinnu sína:

- Fyrir liggur að fjárhagsstaða hátíðarinnar er sveiflukennd og ótrygg.
- Listahátíð þarf að keppa um fjármagn við hinar nýju hátíðir, sem sækja stuðning til sömu aðila og Listahátíð.
- Sérstaða hátíðarinnar er orðin óljósari en áður, með tilkomu nýrra, sérhæfðra hátíða í borginni.

- Listafólk hefur gagnrýnt launastefnu Listahátíðar og telur að hún búi innlendum listamönnum önnur kjör en erlendum.
- Hátíðin hefur glímt við sveiflur í starfsmannahaldi, sem draga úr krafti starfseminnar.
- Starfshópurinn skal leggja mat á ofangreinda þætti og geri tillögur til stjórnar um úrbætur.

Fulltrúaráðið samþykkti tillöguna og fól formaður ráðsins stjórn Listahátíðar að skipa starfshópinn. Á þeim tíma sem liðinn er frá síðasta fulltrúaráðsfundi hefur ekki verið formlega gengið frá skipan starfshópsins og mun stjórn FLÍ fylgja málinu eftir að lokinni hátíðinni 2015.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð Listahátíðar. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði Listahátíðar 2014-2015

Aðalmaður: Jón Páll Eyjólfsson / Agnar Jón Egilsson

Varamaður: Una Þorleifsdóttir

Þjóðleikhúsráð

Þjóðleikhúsráð fundaði með u.þ.b. mánaðarmillibili á s.l. leikári. Ari Matthíasson var ráðinn var nýr Þjóðleikhússtjóri síðla ársins 2014. Fram að leikhússtjórnaskiptum fór Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri yfir stöðu mála í Þjóðleikhúsinu í byrjun hvers fundar og Ari Matthíasson framkvæmdastjóri fór fyrir stöðu fjármála hússins. Eftir að Ari tók við embættinu hafa báðir málaflokkar verið á hans hendi þar sem ekki hefur enn verið ráðinn rekstrarstjóri við húsið. Áætlað er að rekstrarstjóri verið ráðinn í byrjun leikársins 2015-16.

Rekstraráætlun hússins fyrir næsta leikár miðast við að borga niður uppsafnaðann halla síðasta leikárs eða í það minnst helming þeirrar upphæðar, en rekstur hússins varð fyrir töluverðum skakkaföllum á yfirstandandi leikári.

Mannauðsmál í Þjóðleikhúsinu komu til kasta stjórnar FLÍ á árinu vegna verkefna sem féllu niður en búið að ráða leikstjóra. Hefur stjórn FLÍ til skoðunar með hvaða hætti samningar þeirra leikstjóra sem taka að sér leikstjórn á grundvelli verktakasamninga, þurfa að vera ítarlegri.

Samráðsnefnd fagfélaga í sviðslistum fól Helgu Völu Helgadóttur lögmanni að

skrifa bréf til Þjóðleikhússtjóra varðandi þessi mál og verður félagið upplýst um viðbrögð þegar þau liggja fyrir.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í Þjóðleikhúsráð. Kjörtímabil þeirra er í 3 ár. Á kjörtímabili fulltrúa í Þjóðleikhúsráði hafa orðið breytingar á fulltrúum. Agnar Jón Egilsson kom inn sem varafulltrúi 2013 og varð aðalfulltrúi 2014.

Fulltrúar FLÍ í Þjóðleikhúsráði 2014-2015

Aðalmaður: Agnar Jón Egilsson. Varamaður: Una Þorleifsdóttir

Leiklistarsamband Íslands

Leiklistarsamband Íslands er sameiginlegur vettvangur allra þeirra starfsgreina og stofnana sem vinna að málefnum sviðslista á Íslandi. Á starfsárinu hafa meginverkefni LSÍ verið eftirfarandi:

- Stefnumótun í samstarfi við aðildarfélög LSÍ.
- Lagabreytingavinna með áherslu á einföldun og skilvirkni félagsins.
- Framkvæmd og umsýsla Grímunnar.
- Ritstjórn og viðhald á stage.is sem nú gegnir sama hlutverki og “Theatre in Iceland” áður.

Mikill áhersla hefur verið á lagabreytingavinnu sambandsins á starfsárinu og hefur sú vinna verið flókin og mörkuð nokkrum átökum. Bjarni Snæbjörn Jónsson, ráðgjafi, hefur aðstoðað stjórnina við þá vinnu og standa vonir til að sátt náist um endanlega niðurstöðu með vorinu.

Á síðasta aðalfundi LSÍ tók við nýr gjaldkeri: Ari Matthíasson Þjóðleikhússtjóri. Orri Huginn Ágústsson og Kristín Eysteinsdóttir Borgarleikhússtjóri tóku ný við embættum meðstjórnenda. Forseti LSÍ er áfram Marta Nordal og Agnar Jón Egilsson er enn ritari LSÍ.

Formaður FLÍ hverju sinni er sjálfkjörinn í fulltrúaráð LSÍ. Aðalfundur kýs einn varamann í fulltrúaráð LSÍ sem situr í eitt ár

Fulltrúar FLÍ í fulltrúaráði LSÍ 2014-2015

Aðalmaður: Agnar Jón Egilsson

Varamaður: Una Þorleifsdóttir

Leikminjasafn Íslands

FLÍ á fulltrúa í fulltrúaráði Leikminjasafns Íslands sem boðað er til fundar einu sinni á ári. Aðalfundur Leikminjasafns Íslands var haldinn í lönó 14. maí 2014 og var þar gerð grein fyrir starfsemi safnsins á árinu. Þar er lögð áhersla á að endurnýja gagnabanka um leiksýningar á Íslandi frá 1887 til dagsins í dag og ger nýrrar heimasíðu sem er í smíðum. Stefnt er að því að ný stefna fyrir safnið verði kynnt á aðalfundi safnsins 2015.

Aðalfundur kýs einn aðalmann og einn varamann í fulltrúaráð Leikminjasafns Íslands. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

Fulltrúar FLÍ í stjórn Leikminjasafns Íslands starfsárið 2014-2015

Aðalfulltrúi FLÍ: Jakob S. Jónsson Varafulltrúi FLÍ: Ásdís Þórhallsdóttir

Talía-loftbrú

Talía er sjóður í eigu Félags íslenskra leikara, Félags leikskálda og handritshöfunda, Félags leikstjóra á Íslandi og Reykjavíkurborgar. Markmið og tilgangur sjóðsins er að styðja við sýningu og kynningu á íslenski sviðslist erlendis og er sjóðurinn ætlaður sjálfstætt starfandi listamönnum. Stjórn sjóðsins boðar fundi þegar umsóknir liggja fyrir. Staða sjóðsins er ágæt en ekki hefur náðst að koma á samtali um áætlanir um að auka burði hans og tryggja að hann geti vaxið, starfað og stutt íslenskt sviðslistafólk til frambúðar. Hægt er að nálgast stofnskrá sjóðsins á vef FLÍ eða sækja þar um í sjóðinn rafrænt.

Stjórn skipar einn áheyrnarfulltrúa í stjórn Talíu. Kjörtímabil þeirra er í eitt ár.

Fulltrúi FLÍ í stjórn Talíu 2014-2015

Jón Páll Eyjólfsson / Agnar Jón Egilsson

BHM

Nokkur reynsla er nú komin á veru FLÍ í heildarsamtökum háskólamanna BHM. Sótti stjórn FLÍ nokkuð mikla þjónustu til BHM á árinu, m.a. lögfræðiálit og ráðgjöf lögfræðings BHM vegna kjarasamninga.

Framkvæmdastjóri BHM hefur verið samninganefnd mikill bakhjarl og ráðgefandi. Starfsár 2014-2015 BHM einkenndist af verkfallsáformum og var FLÍ þátttakandi í þeim áformum. Í apríl 2015 hófust verkföll aðildarféлага BHM gagnvart ríkinu.

5 meðlimir FLÍ flokkuðust undir starfmenn ríkisins á því tímabili sem tekur til verkfallsins og var 60% kosningaþáttaka þeirra þegar kosið var um

sameinaðar verkfallsaðgerðir BHM. Þeir 3 sem mættu á kjörstað kusu með verkfalli.

Þegar kom að því að tilkynna samninganefnd ríkisins og Fjármálaráðuneyti um fyrirhugað verkfall kom í ljós að leikstjórar falla undir lög starfsfólks á almennum vinnumarkaði frá 1938 sem nýtt voru í síðustu samningalotu við Þjóðleikúsið árið 2011, en ekki lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í samstarfi við lögfræðinga BHM var ákveðið að afturkalla verkfallsaðgerðir FLÍ en verkfall hefði orðið stuðningsverkfall og meira í orði en á borði þar sem enginn félagsmaður FLÍ var að undirbúa sýningu innan Þjóðleikhússins á verkfallstímanum. Verkfallið hefði þó getað haft áhrif á sýningar leikhússins þar sem ákvæði um höfundarétt og viðveru leikstjóra við þær sýningar sem hann setur upp eru í samningum við leikstjóra sem setja upp sýningar við Þjóðleikhúsið. Ekki var fullreynt hvort leikstjórar við Útvarpsleikhúsið hefðu getað stöðvað vinnu en þeir leikstjórar sem voru við leikstjórnarvinnu við Útvarpsleikhúsið á verkfallstímabilinu eru ekki félagar í FLÍ. Verkfallsaðgerðirnar hefðu þó gert það að verkum að enginn mætti leikstýra í útvarpsleikhúsinu ef komið hefði í ljós að störf þar féllu undir verkfallsaðgerðir.

Stjórn FLÍ hefur einsett sér að gera úrbætur í kynningu á réttindum félagsmanna í sjóði BHM. Ljóst er að félagar hafa ekki greitt í sjóði BHM af vinnu sinni sem leikstjórar. Því hafa þeir ekki unnið sér inn réttindi né skilað inn félagsgjaldi til FLÍ. Félagsmenn hafa upplifað hátt flækjustig þegar kemur að því að bæta úr þessu og biður stjórn FLÍ að fara í nauðsynlega vinnu til að greiða úr því flækjustigi.

Formaður FLÍ hverju sinni á sæti í formannaráði BHM. Stjórn skal tilnefna varamann formanns.

Varamaður FLÍ í formannaráði BHM er Gunnar Gunnsteinsson

Valnefndir Grímunnar

Í maí ár hvert tilnefnir FLÍ fulltrúa í valnefndir Íslensku sviðslistaverðlaunanna Grímunnar. Skipa þarf í þrjár valnefndir;

Aðalvalnefnd sviðsverka 2 fulltrúa

Valnefnd barnaverka 2 fulltrúa

Valnefnd útvarpsverka 1 fulltrúa

Stjórn FLÍ þakkar fulltrúum valnefndum Grímunnar fyrir sína óeigingjörnu og þrotlausu vinnu sem innt var af hendi af fagmennsku og dugnaði.

Samráðsnefnd fagfélaga í sviðslistum

Samráðsnefndin vinnur á grundvelli samþykktar fulltrúaráðs LSÍ. Þar er henni falið það hlutverk að standa að tilnefningum í nefndir og ráð fyrir hönd LSÍ samkvæmt samþykktum verklagsreglum LSÍ.

Samráðsnefnd fagfélaganna kom að skrifum bréfs til Þjóðleikhúsráðs varðandi kjör listamanna sem ráðnir höfðu verið í uppsetningar innan hússins en ákveðið var að hætta við uppsetningarnar, bæði fyrir og eftir að störf höfðu hafist.

Samráðsnefndin hefur kastað óformlega á milli sín hugmyndum um stofnun stærra fagfélags eða stéttarfélags sem innibæri allt starfsfólk sviðslistanna en málið er á byrjunarstigi.

Fulltrúar FLÍ 2014-2015:

Aðalmaður: Una Þorleifsdóttir Varamaður: Agnar Jón Egilsson.

Norrænt samstarf

NSIR

FLÍ er aðili að NSIR Sambandi Norrænna leikstjórafélaga. Noregur tók við formennsku í sambandinu 2014. NSIR er samræðuvettvangur leikstjóra á Norðurlöndum.

Á þessum fundum eru fluttar skýrslur allra félaga þar sem farið er yfir það helsta sem gerst hefur hjá félögunum. Síðasti fundur var haldinn í Osló í maí 2014. Ákveðið var að breyta fyrirkomulaginu á fundunum þannig að land gegni formennsku einungis eitt ár í senn í stað tveggja fram til þessa. Næsti fundur verður því í formennskulandinu Danmörku í júní 2015.

Fulltrúi FLÍ 2014-2015:

Gunnar Gunnsteinsson

Rekstur FLÍ

Samkvæmt endurskoðuðum reikningum hefur eignastaða FLÍ veikst á síðasta ári. Á því eru aðalega tvær skýringar. Fyrir tveimur árum ákvað stjórn að gera átak í að koma málefnum FLÍ á réttan kjöl. Mikið átak átti sér stað í að gera samninga við viðsemjendur okkar en allir samningar voru löngu útrunnir. Til að bregðast við var ákveðið að greiða stjórnarmeðlimum tvöföld laun ásamt því að ráða til starfa sérstaka samninganefnd á launum. Þessi

ráðstöfun hefur skilað góðum árangri fyrir félagið en var kostnaðarsöm. Á sama tíma hefur ávöxtun á sjóðum verið mjög léleg eða um 4% 2014. Stjórn leitaði ráðgjafar hjá endurskoðendum félagsins á árinu sem bentu á að ekki væru möguleikar á betri ávöxtun nema að fara út í áhættusamari leiðir. Slíkt var ekki gert heldur ákveðið að þræuka og reyna frekar að lækka umsýslukostnað v. fjármuna félagsins. Í ár er ávöxtunin betri eða um 15% þannig að horfur fyrir 2015 eru betri.

Eitt af verkefnum stjórnar og gjaldkera 2014 var að virkja félagsmenn til að greiða til félagsins í gegnum BHM. Þrátt fyrir að BHM hafi boðið félagsmönnum í FÍL að greiða fast gjald mánaðarlega hefur aukningin ekki orðið sem skyldi. Það er því enn á stefnuskrá FLÍ að kynna betur fyrir félagsmönnum þau réttindi og ávinning sem hlýst af því að greiða félagsgjöld til FLÍ í gegnum BHM.

FLÍ er aðili að sjúkra- og orlofssjóði BHM. Engar stórar breytingar hafa orðið á þeim sjóðum á árinu. Félagsmenn sem greiða í BHM eiga rétt á að sækja um styrki í sjúkrasjóð, vegan m.a. tannlæknakostnaðar, lækniskostnaðar og líkamsræktar. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu BHM. Í orlofssjóð er hægt að sækja um orlofshús hér heima og erlendis. BHM hefur aðgang að bústöðum um allt land sem eru í boði allt árið. Rétt er að minna félagsmenn á að réttur til að sækja um í þessa sjóði byggir á að reglulega sé greitt í þá.

Höfundarréttarráð

Höfundarréttarráð er vettvangur fyrir kynningu og umræðu um höfundarréttarmálefni sem efst eru á baugi á hverjum tíma, einkum tillögur um breytingar á höfundalögum og áhrif höfundalaga á samfélagið. FLÍ hefur rétt til setu í höfundarréttarráði

Þeir sem sæti eiga í höfundarréttarnefnd, skulu og eiga sæti í ráðinu, svo og þeir aðilar sem ráðherra skipar sérstaklega í ráðið. Menntamálaráðherra eða sá sem hann nefnir í sinn stað skal vera í forsæti á fundum höfundarréttarráðs. Boða skal til fundar í höfundarréttarráði einu sinni á ári, að jafnaði.

Fulltrúi FLÍ í höfundarréttarráði 2014 – 2015:

Jón Páll Eyjólfsson / Agnar Jón Egilsson.

Ávarp formanns

Síðastliðið starfsár stjórnar var tvískipt og markast það af formannsskiptum í desember 2014. Undirritaður tók við starfi formanns og hefur starf hans eftir að hann setti sig betur inn í starfið einkennst af vinnu við heimasíðu, upplýsingagjöf og samskiptum við BHM vegna fyrirhugaðra verkfalla. Að einhverju leyti voru þessi

formannsskipti neyðarúrræði þar sem fráfarandi formaður tók við embætti sem ekki fer saman við formennskuna og undirritaður tók við til að fylla í skarðið fram að næsta aðalfundi. Félagið hefur siglt ólgusjó seinni hluta starfsársins en hefur þó haldið sjó. Framundan eru vonandi skilvirkari og bjartari tímar.

Nú er stjórn FLÍ í fjórða sinn að leggja fram drög að starfsáætlun fyrir aðalfund. Starfsáætlunin er stefnumótandi skjal og gefur í raun félögum tækifæri til þess að móta starf og stefnu félagsins. Mörg af markmiðunum sem sett eru í starfsáætlun eru augljóslega framtíðar-markmið sem nást jafnvel ekki á starfsárinu en að þeim er unnið jafnt og þétt.

Á síðasta starfsári náðist að klára viðræður við RÚV og undirrita samning og vill formaður koma formlega á framfæri þökkum fyrir hönd félagsmanna til samninganefndar FLÍ fyrir mikið og óeigingjarnt starf sem hún hefur innt af hendi. Ný heimsíða leit dagsins ljós en er hún enn í þróun. Þegar þessi orð eru skrifuð eru nethönnuðir vefsins að reyna að nálgast það efni sem glataðist og finna einfalda leið til að setja það aftur inn á síðuna. Til vara eru hugmyndir um að hafa samband við hvern og einn félagsmann og hjálpa þeim persónulega við uppsetningu persónulegra upplýsinga. Hægt og rólega er virkni nýju heimasíðunnar að aukast en Facebook hefur verið nýtt á meðan síðan lá í lamasessi. Með nýrri heimasíðu verður mun auðveldara að ná mörgum markmiðum sem sett eru í starfsáætluninni eins og kynningu á réttindum og kjörum leikstjóra. Auðvelða okkur að þjónusta félaganna og upplýsa þá.

Með þökkum og kveðju

Agnar Jón Egilsson
Formaður FLÍ